

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2024/2039****2025/EES/10/25****frá 29. júlí 2024****um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/1173 með því að
fella brott fóðuraukefni í viðaukanum við hana (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í föðri ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 230/2013 ⁽²⁾ var þess krafist að fóðuraukefnin hrein sólblómaolía, sólblómaolía og sólblómatinktúra úr *Helianthus annuus* L. væru tekin af markaði fyrir allar dýrategundir.
- 2) Hins vegar voru hrein sólblómaolía, sólblómaolía og sólblómatinktúra úr *Helianthus annuus* L. ranglega skráðar í viðaukann við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1173 ⁽³⁾ þar sem þess er einnig krafist að þessi aukefni séu tekin af markaði fyrir allar dýrategundir.
- 3) Þessi ranga skráning gæti hafa valdið ruglingi hjá stjórnendum fóðurfyrirtækja að því er varðar hvaða reglur gildi í reynd um fóðuraukefnin sem um er að ræða og skapað réttaróvissu að því er varðar leyfða tilvist þeirra á markaði fyrir gildistökudag framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2023/1173.
- 4) Fyrir skýrleika sakir og í þágu réttarvissu ætti því að leiðrétta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/1173 með því að fella brott færsluna er varðar þessi aukefni úr viðaukanum við þá framkvæmdarreglugerð. Til að koma í veg fyrir alla markaðsröskun í kjölfar rangrar skráningar og til að koma aftur á réttarvissu ætti leiðréttingin á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/1173 að taka gildi sem fyrst.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og föður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2024/2039, 30.7.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 259/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (biður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj>.

⁽²⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 230/2013 frá 14. mars 2013 um töku tiltekinna fóðuraukefna í hópnum bragðefni og lystaukandi efni af markaði (Stjtið. ESB L 80, 21.3.2013, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2013/230/oj).

⁽³⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1173 frá 15. júní 2023 um að taka tiltekin fóðuraukefni af markaði, um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1810/2005 og um niðurfellingu á reglugerðum (EB) nr. 1453/2004, (EB) nr. 2148/2004 og (EB) nr. 943/2005 (Stjtið. ESB L 155, 16.6.2023, bls. 28, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2023/1173/oj).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leiðrétting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/1173

Færslan fyrir aukefnin „*Helianthus annuus* L.: hrein sólblómaolía/sólblómaolía/sólblómatinktúra“ í 1. hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/1173 er felld brott.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. júlí 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
